

BORGARRÁÐ

Ár 2022, fimmtudaginn 31. mars, var haldinn 5660. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:07. Viðstödd voru auk borgarstjóra, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Líf Magneudóttur, Marta Guðjónsdóttir og Jórunn Pála Jónasdóttir. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar og áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. másl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Valgerður Sigurðardóttir og Sanna Magdalena Mörtudóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Þorsteinn Gunnarsson, Ebba Schram, Ólöf Magnúsdóttir og Hulda Hólmkelsdóttir. Fundarritari var Ívar Vincent Smáráson.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. mars 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 23. mars 2022 á nýju deiliskipulagi fyrir Hagaskóla að Fornhaga 1, ásamt fylgiskjölum. MSS22030243
Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Því er fagnað að lögð er fram tillaga skipulagsyfirvalda/umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir Hagaskóla að Fornhaga 1. Í tillögunni felst að gerðir eru byggingarreitir fyrir uppsetningu tímabundinna færanlegra eininga fyrir kennslu og starfsmannahald á lóð. Árum saman hafa skólayfirvöld kvartað vegna ástandsins, skólinn löngu sprunginn og mygla og raki víða í eldri byggingu. Hagaskóli eins og Fossvogsskóli hefur verið í langan tíma heilsuspillandi húsnæði en yfirvöld vildu ekki ljá málinu eyra. Verið er að súpa seyðið af áralangri vanrækslu á viðhaldi skólabygginga í borginni. Viðhaldsskuld borgarinnar er orðin stór og komið er að skuldadögum. Hvað varðar Hagaskóla er óhætt segja að þar hefur staðan verið sérlega alvarleg. Blessunarlega er hreyfing á málinu og vonandi eru veikindi vegna heilsuspillandi húsnæðis úr sögunni.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. mars 2022, sbr. synjun skipulags- og samgönguráðs frá 23. mars 2022 á breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 13-15 við Fossháls, ásamt fylgiskjölum. MSS22030245
Synjun skipulags- og samgönguráðs er staðfest.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24. mars 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 23. mars 2022 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga nýja Skerjafjarðar, ásamt fylgiskjölum. MSS22030246
Samþykkt með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Málið fer til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar með vísan til ákvæða 3. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða ýmsar breytingar vegna nýja Skerjafjarðar. Stærsta breytingin felst í því að hjúkrunarheimili á lóð 10 verður að almennu fjölbýlishúsi. Aðrar breytingar felast í uppskiptingu lóða, staðsetningu dreifistöðva, djúpgáma, tilfærslum á staðsetningum stíga og annað slíkt. Við styðjum nýja byggð í Skerjafirði sem fyrr og hlökkum til að sjá hana rísa.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Áform um þetta byggð og landfyllingu í Skerjafirði hefur ítrekað verið mótmælt og gagnrýnd af íbúum og umsagnaraðilum. Þrátt fyrir gagnrýni íbúa og þeirra opinberu fagstofnana sem gert hafa alvarlegar athugasemdir við skipulagið, láta meirihlutaflokkarnir ekki segjast og hlusta ekki á fagleg rök, en leggja þess í stað til nú að fjölga íbúðum enn meira á svæðinu. Fram hefur komið í fjölmiðlum að framkvæmdastjóri innanlandsflugvalla Ísavia hefur áhyggjur af uppbyggingunni í Skerjafirði og telur uppbygginguna þar hafa umtalsverð áhrif á rekstraröryggi Reykjavíkurlugvallar. „Við höfum áhyggjur af þessu. Öll þétting byggðar í kringum flugvelli hefur áhrif á aðstæður á braut, á vindafar á braut,“ sagði framkvæmdastjóri innanlandsflugvalla í frétt Stöðvar 2, 3. janúar sl. Ennfremur kom fram í máli innviðaráðherra í Bítinu 26. janúar sl. að ekki standi til að þrengja meira að Reykjavíkurlugvelli og hann hefði áhyggjur af uppbyggingunni í Skerjafirði og ef hún skerðir á einhvern hátt flugvöllinn væri það brot á samkomulagi ríkis og borgar. Í 5. gr samkomulagsins er kveðið á um að rekstraröryggi Reykjavíkurlugvallar verði tryggt þar til nýr flugvöllur er tilbúinn til notkunar. Ljóst er að framganga borgarstjóra miðar að því að gera flugvöllinn óstarfhæfan þannig að ekki verði aftur snúið.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Verið er að breyta deiliskipulagi í hinum svokallaða „nýja Skerjafirði“. Málið er keyrt áfram af fullum þunga þrátt fyrir fjöldamargar athugasemdir. Margt er enn á huldu um þetta svæði, s.s. lögmætt gildi landfyllingar sem nú er í umhverfismati. Ekkert tillit er tekið til öryggishlutverks flugvallarins í Vatnsmýrinni en ljóst er að hann er ekki á förum. Umferðarmál eru óleyst. Alþingi samþykkti árið 2004 að stefnt skuli að friðlýsingu fjöru og grunnsævis Skerjafjarðar og hefur Náttúrufræðistofnun áréttað þær hugmyndir. Hafrannsóknarstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun hafa allar í umsögnum til Reykjavíkurborgar undirstrikað verndargildi fjörunnar. Það er alveg ljóst að ef farið verður í þessar framkvæmdir eiga þær eftir að hafa mikinn umferðarþunga í för með sér sem hlýst af stórum vörubílum og steypubílum, bæði keyrslu í landfyllingu og ekki síður á uppbyggingartíma. Minnt er á að olíumengun er í jörð á þessu svæði og sú dælustöð sem nú er á svæðinu ræður ekki við hlutverk sitt og ljóst er að byggja þarf nýja. Engin áform hafa verið birt hvar ný dælustöð á að vera. Að auki er nú þegar búið að úthluta lóðum á þessu svæði og er það algjörlega fáheyrt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lagt er fram stórt skjal sem ber nafnið nýi Skerjafjörður og að breytt deiliskipulag fari í auglýsingu. Útilokað er að ná utan um allar þessar upplýsingar á stuttum tíma þótt umræðan sé nú ekki ný af nálíni. Málið hefur verið mjög umdeilt og hreinlega mörgu mótmælt af íbúum svæðisins. Flestar þessar breytingar eru óafturkræfar. Það þarf sannarlega að byggja af krafti enda mikill húsnæðisskortur í Reykjavík. Um það eru allir sammála enda barist um hverja íbúð. Í Reykjavík hefur ekki verið byggt nóg. Skortur hefur verið á húsnæði af öllum gerðum. Þetta á byggð þarna svo um munar. Hængur á þessu deiliskipulagi er að verið er að hanna hverfi þar sem sífellt þarf að taka mið af flugvelli sem á að fara. Af hverju má ekki bíða eftir því að það gerist og þá mun hönnun e.t.v. verða allt öðruvísi? Þá verður hægt að hanna og byggja af myndarskap. Nú þarf t.d. að „HANNA“ nýja strönd með fram landfyllingu. Hönnuð strönd er líklega miklu betri en náttúruleg strönd að mati

núverandi skipulagsyfirvalda. Þessi framkvæmd er sögð ein mestu skipulagsmistök sem hafa verið gerð á síðustu árum.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

4. Lagt fram bréf Mannvits, dags. 14. janúar 2022, þar sem óskað er eftir, fyrir hönd samstarfsvettvangs sorpsamlaga á Suðvesturlandi, staðfestingu sveitarstjórnar á nýrri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði SORPU bs, Sorpurðunar Vesturlands hf., Sorpstöðvar Suðurlands bs. og Kölku, sorpeyðingarstöðvar sf. Einnig lögð fram umsögn umhverfis- og heilbrigðisráðs. USK22010076 Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Byggja á eina sorpbrennslustöð fyrir landið allt og málið dautt. Það verkefni á fyrst og fremst að vera á vegum ríkisins í samvinnu við öll sveitarfélögin í landinu. Það er ófært að hvert sveitarfélag fyrir sig sé að búa til heimatilbúnað lausnir við förgun brennanlegs úrgangs. Þingmenn Miðflokksins hafa ítrekað lagt fram þessar hugmyndir í formi þingsályktunartillögu – sjá hér:

<https://www.althingi.is/altext/150/s/0086.html>. Það er mikil þröngsýni að hún hafi ekki löngu verið samþykkt. Að auki þarf staðarval að vera vel ígrundað því við brennslu verður til orka sem nota má til húshitunar. Það er því einboðið að koma upp hátækni-brennslustöð sem þjónar öllu landinu á köldu svæði.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Verið er að breyta úrgangssöfnun á höfuðborgarsvæðinu. Reyna á að ná betri flokkun. Hirðukostnaður mun hækka mikið. Áætlaður kostnaður 2023 er 18 m.kr. vegna jarðvegsmóttöku í Bolaöldu. Ljóst er að endurvinnsla sorps er enn ekki í lagi. Hér er fjallað um steinefni og moldarefni og vandræðaganginn við að koma þeim efnum fyrir. Þær lausnir sem mest eru nefndar eru einhvers konar verkfræðileg útfærsla. Hver eru rökin fyrir að setja jarðveg á Bolaöldu og hvers konar jarðveg er átt við? Bolaöldur eru nálægar vatnsbólum og það er áhætta að aka farmi þangað. Hugtakið óvirkur úrgangur er ekki skilgreindur. Hér ættu líffræðileg sjónarmið einnig að koma til skoðunar. Ef þessi jarðvegur er nýtanlegur sem ræktunarjarðvegur ætti að dreifa honum víða, en ef hann er mengaður er skást að koma honum fyrir þar sem verið er að rækta skóg. Þar getur slíkur jarðvegur verið til frambúðar. Að mati Flokks fólksins þarf að vera skýr yfirlýsing um vilja til að nýta moldina, aðeins ónýtanlega mold, sem ekki er hægt að nýta til ræktunar, má urða. Stefnan, Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022-2033, bendir til að enn eitt byggðasamlagið sé að verða til, með öllum ókostum slíks fyrirkomulags.

Ólöf Örvarsdóttir, tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

5. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir vegna verkefnisins Hverfið mitt 2022, ásamt fylgiskjölum. Kostnaðaráætlun 2 er 850 m.kr. USK22030105 Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst verkefnið Hverfið mitt gott mál enda leið til að ljá röddum borgarbúa eyra og virða óskir þeirra eins og unnt er. Fram kemur að kosningabátttaka er 16,4% kosningabærra íbúa sem er reyndar mjög slök þátttaka. Fulltrúi Flokks fólksins fór á stúfana og ræddi við nokkra borgarbúa um þetta verkefni. Fólk hefur mismunandi reynslu eins og gefur að skilja. Flestum finnst þetta sniðugt verkefni en raddir voru einnig á lofti um að hér væri á ferðinni hálfger

montverkefni meirihlutans. Tillögur um skemmtileg verkefni eins og ærslabelginn og rennibrautir eru gjarnan samþykktar en tilvik eru um að tillögum um lagfæringar og viðhald sé hafnað og vísað í annan farveg. Dæmi um slíka reynslusögu borgarbúa er að viðkomandi sendi inn tillögu um að laga körfuboltavöll sem ekki hefur verið notaður árum saman vegna þess að hellulögn er ónýtt og hættuleg. Tillögunni var hafnað þátttöku í Hverfið mitt 2020-2021 því hún snerist um viðhalds- eða öryggisverkefni og bent á að annar farvegur væri fyrir slíkt. Viðkomandi sendi því ábendinguna inn á þar til gerðri vefsíðu en hefur ekki fengið nein viðbrögð. Engu að síður á að endurbæta körfuboltavöll við Laugarnesskóla. Hvernig á að skilja þetta?

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

6. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir vegna endurbóta og viðgerða á Vörðuskóla, ásamt fylgiskjölum. Kostnaðaráætlun 2 er 370 m.kr. USK22030147
Samþykkt.

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

7. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir vegna nýs leikskóla og fjölskyldumiðstöðvar við Njálsgötu 89, ásamt fylgiskjölum. Kostnaðaráætlun 2 er 1.560 m.kr. USK22010091
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 2. apríl 2020 að efna til opinnar hönnunarsamkeppni um byggingu á leikskóla og fjölskyldumiðstöð að Njálsgötu 89. Alls bárust í samkeppninni 29 tillögur. Dómnefnd valdi til 1. verðlauna tillögu Basalt arkitekta ásamt Landslagi og Örugger verkfræðistofu. Hér er verið að heimila umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir leikskólans við Njálsgötu 89 en kostnaðaráætlun er upp á 1.560 m.kr. og áætlað að framkvæmdir hefjist í júní í ár og að uppbyggingu skólans og frágangi lóðar ljúki fyrir árslok 2023.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Óskað er eftir af meirihlutanum að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna nýs leikskóla og fjölskyldumiðstöðvar við Njálsgötu 89. Það er aldeilis gott mál að mati Flokks fólksins enda vantar leikskólapláss. Erfitt hefur reynst að fá það staðfest hvað vantar mörg leikskólapláss. Á hverju ári er eins rennt sé blint í sjóinn í þessum málum. Ferlið er flókið því ekki eru næg pláss fyrir öll börn. Fyrst þarf að bjóða elstu börnunum pláss og yngri börn mæta afgangi. Eftir það er fyrst hægt að segja til um biðlista. Það kemur því ekki endanleg mynd á biðlistann fyrr en snemmsumars. Þessi óvissa er erfið öllum en langmest foreldrum sem bíða oft í angist eftir að fréttu hvort barn þeirra fái pláss eða ekki. Þess utan er vandinn mismunandi eftir hverfum sem einfaldar sannarlega ekki málið. En klárlega þarf að byggja fleiri leikskóla sem og almenn íbúðarhúsnæði í borginni. Skortur er á þessu öllu og því hefur ekki tekist að brúa nein bil.

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

8. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dag. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir ársins 2022 við endurgerð og lagfæringar á alls 12 lóðum við leik- og grunnskóla, ásamt fylgiskjöllum. Kostnaðaráætlun 2 er 540 m.kr. USK22030163
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Ítrekað er mikilvægi þess að tryggja að hönnun og breytingar á leiksvæðum uppfylli hugmyndafræði algildrar hönnunar. Er þar meðal annars átt við að svæðin og leiktækin sem valin eru henti sem flestum hópum óháð aldri, fötlun og færni.

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

9. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir við að smíða og koma fyrir tveimur færanlegum leikskólastofum ásamt tengibyggingu við leikskólann Hagaborg, ásamt fylgiskjöllum. Kostnaðaráætlun 2 er 135 m.kr. USK22030154
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er samþykkt að fjölga leikskólaplássum um 30 með tveimur færanlegum einingum sem alls mynda 237 nýja fermetra við leikskólann Hagaborg.

Ólöf Örvarsdóttir og Ámundi Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

10. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út malbikunarframkvæmdir 2022, ásamt fylgiskjöllum. USK22030165
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða malbikun fyrir 1.340 m.kr. Göturnar sem um ræðir eru Bergstaðastræti, Bolholt, Borgartún, Bólstaðahlíð, Bragagata, Einarsnes, Faxagata, Furumelur, Grófin, Grundarstígur, Hagamelur, Háteigsvegur, Hofsvallagata, Ingólfsstræti, Kapellutorg, Laufásvegur, Laugavegur, Leifsgata, Lækjargata, Menntasveigur, Neshagi, Njarðargata, Nóatún, Rauðarárstígur, Seljavegur, Skúlagata, Suðurgata, Tryggvagata, Túngata, Vatnsmýrarvegur, Vesturhlíð, Vitastígur, Vonarstræti, Ægisgata, Brúnavegur, Dalbraut, Drekaogur, Dyngjuvogur, Ferjuvogur, Grensásvegur, Hólsvegur, Kleppsvegur, Kringlan B, Kænuvogur, Langholtsvegur, Ofanleiti, Ósland, Skeiðarvogur, Skútuvogur, Sléttuvegur, Suðurlandsbraut, Álfabakki, Árvað, Bæjarháls, Dragháls, Fylkisvegur, Grjótháls, Heiðarsel, Hestháls, Hraunbær, Jaðarsel, Raufarsel, Rofabær, Selásbraut, Skógarsel, Strengur, Stöng, Suðurfell, Þingtorg, Berjarími, Bíldshöfði, Borgarvegur, Dvergshöfði, Fannafold, Gagnvegur, Gufunesvegur, Hamravík, Hlínartorg, Jónsgeisli, Kollagrund, Lambhagavegur, Lokinhamrar, Mosavegur, Spöngin, Strandvegur, Vallargrund, Vík, Víkurvegur og Þúsöld.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Stefnt er á að auka malbikun yfirlaga og að fjárheimild til þeirra á árinu 2022 verði 900 m.kr. Er það hækkun um 200 m.kr. frá því sem áður var gert ráð fyrir í áætlun. Ástæður þessa eru aukið niðurbrot slitlaga einkum vegna veðurfars í vetur. Hefðbundnar malbiksviðgerðir eru áætlaðar um 300 m.kr. Spurning er hvort hægt er að kenna veðurfari um allar skemmdirnar en fleira gæti einnig komið til. Uppsöfnuð vanræksla á götuvatthaldi sem dæmi.

Ólöf Örvardóttir og Ámundi Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

11. Lögð fram tillaga borgarstjóra, dags. 29. mars 2022, um uppfærða áætlun um lóðaúthlutun til 2030 til óhagnaðardrifinna húsnæðisfélaga, ásamt fylgiskjöllum. Greinargerð fylgir tillögunni. MSS22020087
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að kynna áform um 2.000 íbúðir á ári sem er talsverð aukning í fjölda íbúða sem byggðar eru í Reykjavík. Reykjavík hefur staðið fyrir á bilinu 40-50% af heildarfjölda íbúða á landinu undanfarin fjögur ár. Fjölgun í Reykjavík hefur verið gríðarleg og hefur íbúum fjölgað um meira en 10.000 á kjörtímabilinu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lögð er fram uppfærð áætlun meirihlutans um lóðaúthlutun til 2030 til óhagnaðardrifinna húsnæðisfélaga. Spýta þarf verulega í lófana að mati Flokks fólksins enda húsnæðisskortur í borginni. Skortur er á hagkvæmu húsnæði af öllum tegundum. Biðlistar upp á hundruð manna eru eftir félagslegu húsnæði, sértæku húsnæði og annars konar búsetuúrræðum. Barist er um hverja einustu íbúð. Því fyrr sem fasteignamarkaðurinn kemst í eðlilegt horf því fyrr náum við tókum á verðbólgunni. Þrátt fyrir að byggt hafi verið talsvert hafa allt of margir ekki öruggt húsnæði. Byrja þarf á þeim sem standa verst fjárhagslega og þá koma óhagnaðardrifin húsnæðisfélög til sögunnar. Þau hafa stigið of hægt inn á markaðinn eða verið hleypt of hægt inn á markaðinn. Ef vel ætti að vera þyrftu á annað þúsund íbúða í Reykjavík að koma árlega inn á markað á vegum óhagnaðardrifinna félaga. Nú eru þau aðeins fáein hundruð. Þétting byggðar hefur leitt til þess að það sem er byggt er einsleitt, mest litlar og meðalstórar blokkaríbúðir á rándýrum þéttingarsvæðum. Um 30% fasteignakaupenda eru fyrstu kaupendur.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

12. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar og Byggingarfélags námsmanna á þremur þróunarlóðum í Reykjavík fyrir allt að 140 íbúðir, ásamt fylgiskjöllum. MSS22030218
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

13. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Byggingarfélagi námsmanna vilyrði fyrir byggingarrétti á allt að 65 íbúðum á nýju þróunarsvæði við Arnarbakka í neðra Breiðholti. MSS22030219
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn óskar eftir því að borgarráð samþykki að veita Byggingarfélagi námsmanna vilyrði fyrir byggingarrétti á allt að 65 íbúðum á nýju þróunarsvæði við Arnarbakka í neðra Breiðholti. Það er gott og vel enda sárvantar húsnæði fyrir námsmenn og fyrstu kaupendur. Fulltrúi Flokks fólksins vill í þessu sambandi nefna að það þarf að sjá til þess að umferðarmálin og aðgengi verði í lagi þegar svo mikið á að byggja í einu hverfi. Meirihlutinn verður einnig að horfa til þess að bílar þurfa stæði og í könnunum má sjá að bílum fer fjölgandi. Borgarlína kann að vera framtíðin en ennþá er margt óljóst með hana og hvort hún verði „sá“ samgöngumáti sem „fjöldinn“ á eftir að velja.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

14. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar og Félagsstofnunar stúdenta á fjórum þróunarlóðum í Reykjavík fyrir allt að 239 íbúðum, ásamt fylgiskjölum. MSS22030220
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

15. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Félagsstofnun stúdenta vilyrði fyrir byggingarrétti á allt að 12 íbúðum á uppbyggingarsvæði við Vatnssstig. MSS22030221
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

16. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar og Félagsbústaða hf. á níu þróunarlóðum í Reykjavík fyrir allt að 93 íbúðum, ásamt fylgiskjölum. MSS22030223
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

17. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Félagsbústöðum hf. vilyrði fyrir byggingarrétti á allt að 12 íbúðum á nýju þróunarsvæði við Hverafold 7. MSS22030224
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

18. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Félagsbústöðum hf. vilyrði fyrir byggingarrétti á allt að 12 íbúðum á nýju þróunarsvæði við Nauthólsveg. MSS22030225
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

19. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar og Bjargs íbúðafélags á níu þróunarlóðum í Reykjavík fyrir allt að 505 íbúðum, ásamt fylgiskjölum. MSS22030229

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

20. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Bjargi íbúðarfélagi vilyrði fyrir byggingarrétti á allt að 30 íbúðum á nýju þróunarsvæði í Gufunesi, áfanga 2. MSS22030230

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks samþykkja tillöguna að því gefnu að uppbyggingaráformin þrenji ekki að mögulegu vegstæði Sundabrautar.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

21. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Bjargi íbúðarfélagi vilyrði fyrir byggingarrétti á allt að 30 íbúðum á nýju þróunarsvæði í Gufunesi, áfanga 2. MSS22030231

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks samþykkja tillöguna að því gefnu að uppbyggingaráformin þrenji ekki að mögulegu vegstæði Sundabrautar.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

22. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 29. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Bjargi íbúðarfélagi vilyrði fyrir byggingarrétti á allt að 70 íbúðum á lóð við Haukahlíð. MSS22030259

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

23. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Bjargi íbúðarfélagi vilyrði fyrir byggingarrétti á allt að 60 íbúðum á nýju þróunarsvæði við Rangársel. MSS22030232

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

24. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar og Búseta á fjórum þróunarlóðum í Reykjavík fyrir allt að 265 íbúðum. MSS22030226

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

25. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Búseta húsnæðissamvinnufélagi vilyrði fyrir byggingarrétti á allt að 30 íbúðum á nýju þróunarsvæði í Gufunesi, áfanga 2. MSS22030228
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks samþykkja tillöguna að því gefnu að uppbyggingaráformin þrengi ekki að mögulegu vegstæði Sundabrautar.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

26. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Búseta húsnæðissamvinnufélagi vilyrði fyrir byggingarrétti á allt að 40 íbúðum á nýju þróunarsvæði við Rangársel. MSS22030227
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

27. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 29. mars 2022, þar sem óskað er eftir að borgarráð hafni að þessu sinni að nýta forkaupsrétt sinn í fiskiskipið Krístrúnu RE-177, ásamt fylgiskjöllum. MSS22030255
Samþykkt.

Ívar Örn Ívarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

28. Fram fer kynning um Klapp, nýtt greiðslukerfi Strætó bs. MSS23020001

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Eina leiðin til að borga sig inn í strætó núna, svona að mestu, er að eiga farsíma og vera búin að koma sér upp „Klapp“ appinu til að geta keypt sér inneign. Nauðsynlegt er að hafa rafrænt auðkenni til að geta farið inn á „Mínar síður“ og endurnýjað inneignina. Það eiga ekki alveg allir farsíma og sumir, t.d. hælisleitendur sem nota strætó mikið, hafa ekki einu sinni kennitölu. Enn aðrir geta ekki, t.d. vegna fötlunar sinnar, notað rafræn skilríki og geta þ.a.l. ekki notað „Mínar síður“. Reynt hefur verið að finna lausnir á þessu og á eftir að koma í ljós hvort þær gagnast. Versta er ef „kerfi“ sem þetta á eftir að hindra fólk í að nota strætó. Það er ekki gott ef viðkvæmir hópar og þeir sem hafa stólað mest á strætó treysti sér ekki til að nota strætó vegna nýja greiðslukerfisins Klapp. Fólk hefur kvartað sáran yfir þessu kerfi og að ekki sé boðið upp á fleiri greiðslumöguleika. Stjórnendur Strætó verða að setja sig betur í spor þeirra sem ferðast með vögnum fyrirtækisins og sníða þjónustuna að þeirra veruleika.

Jóhannes Svavar Rúnarsson og Daði Áslaugarson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. Hjálmar Sveinsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

29. Lagt fram bréf formanns borgarráðs, dags. 28. mars 2022, þar sem lögð er fram tillaga stýrihóps um mótun atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar til 2030 að atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar til 2030 ásamt fyrstu drögum að aðgerðaáætlun ásamt viðaukum. MSS22010337
Vísað til borgarstjórnar.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Í nýrri atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkur til 2030 eru sex kjarnaáherslur; Gott samtal á milli borgar og atvinnulífs. Blómstrandi atvinnulíf og nýsköpun innan borgarinnar. Að Reykjavík hvetji til nýrra stoða verðmætasköpunar. Að kynna atvinnulíf og nýsköpun í borginni, bæði innan lands og utan. Grænn vöxtur atvinnulífs í borginni. Og áhersla á að fagna fjölbreytileikanum í samfélaginu með því að virkja hæfileika allra og tryggja mannréttindi á vinnumarkaði. Er þetta jafnframt fyrsta nýsköpunarstefna borgarinnar. Stefnan var unnin út frá umfangsmiklu samráðsferli og í góðu samstarfi fulltrúa borgarstjórnar, atvinnulífs og nýsköpunarumhverfisins með það að markmiði að leggja til framtíðarsýn fyrir atvinnugreinar, atvinnuhætti og nýsköpunarumhverfi Reykjavíkurborgar. Reykjavík hefur alla burði til þess að bjóða upp á alþjóðlega samkeppnishæft umhverfi fyrir skapandi atvinnulíf, menningu og nýsköpun. Nýjar áherslur í atvinnu- og nýsköpunarstefnu borgarinnar munu hjálpa okkur að búa til frjóan farveg þar sem ólíkir straumar sameinast og laða til sín hugmyndaríkt og atorkusamt fólk. Markmið borgarinnar er að gera Reykjavík að framúrskarandi vettvangi fyrir kröftugt grænt atvinnulíf og framtakssemi. Reykjavíkurborg vill ýta undir fjölbreytta atvinnubrún og þar með styrkja hlutverk sitt sem höfuðborg Íslands og forystuafli. Við viljum að Reykjavík sé alþjóðlega viðurkennd sem miðstöð sköpunargleði, menningar og nýsköpunar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Atvinnu- og nýsköpunarstefna sem þessi þarf að rúma alla flóru fólks án tillits til aldurs, menntunar, reynslu, fötlunar o.s.frv. Við erum fjölmeningarsamfélag. Tæknibylting er boðin velkomin en tækni kemur aldrei í staðinn fyrir mannlega hugsun og tilfinningar. Tækni er aðeins hjálpartæki í þjónustu mannsins. Stefnan sem hér er lögð fram er í raun stefna um stafræna umbreytingu en minna fer fyrir öðru. Ekki er lögð mikil áhersla á atvinnustöðir í öllum hverfum og almennt er ímynd borgarinnar óljós þegar kemur að atvinnu. Eins er ekki ávarpað það sem skiptir okkur mestu máli sem er kolefnisspor og vaxandi ójöfnuður og fátækt. Megininntak skjalsins er lýsing á kostnaðarsömum tilraunum, þróun og uppgötvunum á stafrænum lausnum, fjölmörgum sem hafa aðeins skemmtana- og afþreyingargildi. Ítrekað kemur fram að „það sé í lagi að gera tilraunir og prófa sig áfram með alls konar“. Það er eins það gleymist að verið er að leika sér að útsvarfé borgarbúa. Reykjavíkurborg er að stofna sitt eigið hugbúnaðarfyrirtæki, á því leikur enginn vafi. Flokkur fólksins hefur kvartað yfir því að nauðsynlegar stafrænar lausnir voru ekki settar í forgang og miklu fé hefur verið eytt í leikaraskap.

Gréta María Grétarsdóttir, Eva Pandora Baldursdóttir, Guðný María Jóhannsdóttir, Kristinn Jón Ólafsson og Óli Örn Eiríksson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

30. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 28. mars 2022:

Í tengslum við heimsókn forseta Eistlands, Lettlands og Litháens til Íslands þann 26. ágúst nk. í tilefni af 25 ára afmæli sjálfstæðisyfirlýsingarinnar sem og í kjölfar vel heppnaðrar heimsóknar borgarstjóra til höfuðborga landanna í síðustu viku er lagt til við borgarráð að bjóða borgarstjórum höfuðborganna, í Ríga, Tallinn og Vílníus, í opinbera heimsókn til Reykjavíkurborgar á sama tíma. Ísland varð fyrst allra ríkja í heiminum til að viðurkenna sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litháens og í kjölfar þess hefur samstarf landanna vaxið og dafnað, einkum í samstarfi með hinum Norðurlöndunum. Reykjavík og höfuðborgir landanna eru jafnframt vinaborgir og hefur samstarf borganna í gegnum árin verið á ýmsum vettvangi, einkum menningarlegum. MSS22030241

Samþykkt.

31. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 31. mars 2022, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi samning um viðskiptavakt á eftirmarkaði með skuldabréf Reykjavíkurborgar og samning um fyrirgreiðslu vegna samnings um viðskiptavakt. Reykjavíkurborg mun gera samhljóða samninga til eins árs við Arion banka, Íslandsbanka, Kvikubanka og Landsbankann. FAS22030062

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Halldóra Káradóttir og Helga Benediktsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

32. Lagt fram minnisblað fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 27. mars 2022, um áhrif COVID-19 á rekstur sviða Reykjavíkurborgar á árunum 2020-2021. FAS22030011

33. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 28. mars 2022, ásamt trúnaðarmerktum fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita skrifstofu borgarstjóra og borgarritara umboð til að ræða við hlutskörpustu hópana í verkefninu, sbr. meðfylgjandi kynningu um niðurstöðu dómnefndar. Markmið viðræðnanna verði útgáfa formlegra lóðavilyrða og í kjölfarið lóðaúthlutana með þeim skilyrðum og kvöðum sem skilgreind verða í hverju tilviki fyrir sig til að markmið verkefnisins náist. Trúnaður gildi um niðurstöðu dómnefndar þar til föstudaginn 1. apríl 2022. MSS21120216

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Í nóvember 2021 kallaði Reykjavíkurborg eftir umsóknum um samstarf á fimm lóðum í borginni með það að markmiði að styðja við uppbyggingu vistvænni mannvirkja þar sem kappkostað hefur verið að draga úr neikvæðum áhrifum á loftslag og umhverfi. Verkefnið er hluti af græna plani Reykjavíkur og tekur mið af áherslum aðalskipulags og loftslagsáætlunar borgarinnar en í þeim er horft heildrænt á sjálfbærni og lögð áhersla á að fagurfræði, tækni og notagildi haldist þétt í hendur. Það er fagnaðarefni hvernig til hefur tekist og græn og spennandi verkefni verði að veruleika um alla borg.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lagt er til af meirihlutanum að borgarráð samþykki að veita skrifstofu borgarstjóra og borgarritara umboð til að ræða við hlutskörpustu hópana í verkefninu grænt húsnæði framtíðarinnar. Þarna er margt sem hæpið er að kalla grænt húsnæði að mati fulltrúa Flokks fólksins, ef átt er við að þetta framtíðarhúsnæði verði mun vistvænna en það sem þegar hefur verið byggt. Ekki verður séð að græn vottun gefi byggingum framtíðarábyrgð. Þegar lesið er um þessi mál kemur í ljós að fátt hefur verið prófað við íslenskt veðurfar. T.d. gefur svansvottun grænt ljós á krosslímdar timbureiningar sem verða fyrir láréttri rigningu. Það er ávísun á fúa í framtíðinni, mygluvandamál í húsum og niðurrif hússins. Svansvottun vottar að eins lítið sé notað af mengandi efnum og unnt sé og kolefnisspor sé minna en áður, en vottar ekki gæði bygginga að öðru leyti.

Óli Örn Eiríksson, Hilmar Hildarson Magnússon, Hulda Hallgrímsdóttir og Halldóra Káradóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

34. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 28. mars 2022, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð staðfesti stafræna húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar til næstu 10 ára sem er nú lögð fram í fyrsta sinn en hún er unnin að frumkvæði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS). Markmið HMS er að staðla og koma húsnæðisáætlunum allra sveitarfélaga á Íslandi á stafrænt form og þannig auðvelda samanburð og aðgengi allra leikenda á húsnæðismarkaði.

Greinargerð fylgir tillögunni. MSS22020087
Samþykkt.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Stafræn húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar til næstu 10 ára er nú lögð fram í fyrsta sinn en hún er unnin að frumkvæði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS). Markmið HMS er að staðla og koma húsnæðisáætlunum allra sveitarfélaga á Íslandi á stafrænt form og þannig auðvelda samanburð og aðgengi allra leikenda á húsnæðismarkaði. Stafræn húsnæðisáætlun gefur sveitarfélögum og aðilum í byggingarbransa gott tól til þess að fylgjast „lifandi eða stafrænt“ með því hversu margar íbúðir eða annað húsnæði er í byggingu á hverjum tíma og hvar sem er á landinu. Hér eru um ný og þægileg vinnubrögð að ræða og ekki lengur þörf á að keyra á milli húsa í hverfum og handtelja.

35. Lagðar fram tillögur borgarstjóra, dags. 25. mars 2022, að markvissum vinnu- og virkniaðgerðum fyrir fólk sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu, ásamt fylgiskjölum. FAS22030060
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Atvinnu- og virknimiðlun Reykjavíkurborgar, sem hefur verið starfandi frá byrjun árs 2021, hefur reynst vel og því er hér ákveðið að halda þeirri starfsemi áfram með breyttum forsendum. Um er að ræða þróunarverkefni til tveggja ára, byggt á reynslu síðasta árs, þar sem áhersla verður lögð á að hjálpa einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð, sér í lagi flóttafólki og ungu fólki, í virkni og vinnu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Atvinnu- og virknimiðlun. Það er fátt sem gleður meira en að einstaklingur sem hefur þurft fjárhagsaðstoð kemst aftur út í atvinnulífið. Hér er verið að leggja til viðbót við verkefni sem fyrir er. Af gögnum að dæma hefur verkefnið gengið vel. Þó er ekki mikil reynsla komin á það og skiptir þess vegna máli að gera reglulegar árangursmælingar. Fylgja þarf einstaklingum eftir til skemmri og lengri tíma til að staðfesta ábatann eftir því sem fram líða stundir. Fyrirliggjandi tillaga hefur verið kostnaðarmetin og er þar gert ráð fyrir að hreinn ábati af verkefninu á tveggja ára tímabili verði 149 m.kr., en áætlað er að það verði 387 m.kr. ábati eftir að verkefninu lýkur vegna lækkunar fjárhagsaðstoðar. Þetta á eftir að koma í ljós en ekki er hægt að staðfesta ábata svona fyrirfram í ljósi þess skamma tíma sem verkefnið hefur verið í virkni.

Halldóra Káradóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Lóa Birna Björnsdóttir og Svanhildur Jónsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

36. Lagðar fram tillögur borgarstjóra, dags. 28. mars 2022, að viðaukum við fjárhagsáætlun 2022. Greinargerðir fylgja tillögunum. Einnig lögð fram jafnréttisskimun vegna viðaukanna. FAS22010035
Vísað til borgarstjórnar.

Halldóra Káradóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

37. Lagðar fram tillögur borgarstjóra, dags. 14. mars 2022, að viðaukum við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2022 vegna fjárfestingaáætlunar A-hluta Reykjavíkurborgar. Greinargerðir fylgja tillögunum. FAS22030040
Vísað til borgarstjórnar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins líst ekki vel á alla þessa viðauka, a.m.k. ekki þá sem draga úr framkvæmdum og hækkun til þess að hækka laun stjórnenda. Fjárheimild vegna Úlfarsárdals, íþróttasvæði FRAM verði lækkuð um 50 m.kr. og verði 200 m.kr. í stað 250 m.kr. Áætlað umfang verkefna á árinu verður minna en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Fjárheimild vegna Vísinda- og upplifunarsafns í Laugardal verði lækkuð um 25 m.kr. og verði 375 m.kr. í stað 400 m.kr. Hver eru rökin fyrir því? Áætlað umfang verkefna á árinu verður minna en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Flokkur fólksins getur heldur ekki samþykkt hækkun launa stjórnenda en lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu hækki um 33.983 þ.kr. vegna ákvörðunar kjaranefndar Reykjavíkurborgar frá 2. febrúar 2022 um kjör þeirra stjórnenda sem undir hana heyra. Hækkun launa stjórnenda er með öllu ósamþykkjanleg.

Jón Valgeir Björnsson og Ámundi Brynjólfsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

38. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 17. mars 2022, þar sem óskað er eftir því að borgarráð samþykki húsaleigusamning um Ármúla 28-30, ásamt fylgiskjölum. FAS22010003
Samþykkt.

Jón Valgeir Björnsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

39. Lagt fram erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 14. mars 2022, þar sem óskað er eftir að drög að viðauka við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018 séu tekin til efnislegrar afgreiðslu og staðfestingar, ásamt trúnaðarmerktum fylgiskjölum. MSS22030129
Samþykkt.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

40. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 17. mars 2022, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs þann 8. mars 2022 á stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf, ásamt fylgiskjölum. SFS22020312
Samþykkt.

Helgi Grímsson og Gréta Þórsdóttir Björnsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

41. Lagður fram dómur Landsréttar í máli nr. 259/2021. MSS21120211

42. Lagt fram svar Strætó bs, dags. 17. mars 2022, við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um nýtt greiðslukerfi, sbr. 20. lið fundargerðar borgarráðs frá 3. október 2019. FAS21120148
43. Lagt fram svar íþrótt- og tómstundasviðs, dags. 11. mars 2022, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um dekkjakurl á íþróttavöllum Reykjavíkurborgar, sbr. 39. lið fundargerðar borgarráðs frá 10. febrúar 2022. MSS22020131
44. Lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 31. mars 2022, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fjölda sendra innheimtukrafna frá september 2021, sbr. 37. lið fundargerðar borgarráðs frá 20. janúar 2022. MSS22010233

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

58.800 reikningar borgarbúa fóru í innheimtuferli Momentum á rúmlega tveggja ára tímabili (frá 13. september 2019 til 2. febrúar 2022). Á sama tíma voru 3.874 mál send til löginnheimtu Gjaldheimtunnar fyrir Reykjavíkurborg. Tekið er fram að ef viðkomandi er með fleiri en eina kröfu í Momentum í milliinnheimtu þegar málið er flutt til löginnheimtu þá eru málin sameinuð í eitt mál þar. Fulltrúi sósíalista minnir á að Reykjavíkurborg á að hlúa að þörfum borgarbúa og fólks í viðkvæmri stöðu en ekki að senda skuldir fátækra borgarbúa til innheimtufyrirtækja og leyfa þeim að hagnast á skuldavanda borgarbúa. Rannsóknir hafa sýnt fram á að einstaklingar sem eru í slæmri fjárhagsstöðu þar sem skuldir einkenna stöðu þeirra, eiga í aukinni hættu á að búa við slæma andlega og líkamlega heilsu. Heilsborgin Reykjavík á ekki að yta undir streituvaldandi aðstæður í formi kostnaðarsamra greiðslubrifa og símhringinga frá innheimtufyrirtækjum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst það almennt mjög erfitt að hugsa til þess að sendar skuli vera innheimtukröfur til lögfræðinga vegna skuldar fólks sem upp til hópa hefur ekki nægt fjármagn milli handanna til að greiða fyrir nauðsynjar t.d. sem tengjast börnum þeirra. Fulltrúi Flokks fólksins vill að samið verði við fólk og í öllum tilfellum sé allt gert til að mæta erfiðri stöðu fólks. Sýna á sveigjanleika og umburðarlyndi og umfram allt manngæsku í málum af þessu tagi. Það er ekkert grín að vera svo illa staddur fjárhagslega að geta ekki greitt húsaleigu, skólamat fyrir barnið sitt eða frístund svo dæmi sé tekið. Í desember 2021 fékk fulltrúi Flokks fólksins svar við fyrirspurn um viðbrögð við vanskilum vegna áskrifta á skólamat. Fram kom þá að af 9.514 útgefnum reikningum í hverjum mánuði fór 4,2% til Momentum og voru 1,5% ennþá ógreiddir þann 1. nóvember 2021. Það segir sig alveg sjálft að þarna er á ferð hópur foreldra sem nær engan veginn endum saman um mánaðamót. Við bætast svo dráttarvextir sem elta fátæka foreldra jafnvel ævilangt.

45. Lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 31. mars 2022, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um vaxtagreiðslur Reykjavíkurborgar, sbr. 34. lið fundargerðar borgarráðs frá 24. febrúar 2022. MSS22020256

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Frá 2013 til ársins 2026 borgar Reykjavíkurborg/A-hlutinn 59 milljarða í vexti eða sem nemur heilum nýjum Landspítala. Í árslok 2026 eru áætlaðar skuldir borgarsjóðs 240 milljarðar en skuldirnar voru 62 milljarðar þegar borgarstjóri komst í meirihluta og hóf að safna skuldum. Á árabílinu 2013 til ársloka 2021 voru vaxtagreiðslur tæpur 31 milljarður. Af 92 milljarða fyrirhugaðri lántöku á árunum 2022-2026 er vaxtakostnaður áætlaður 28,3 milljarðar og er því lántakan í raun 120 milljarðar. Á árunum 2013 til ársloka 2021 voru vaxtagreiðslur samstæðunnar

í heild tæpir 95 milljarðar og í lántökuáætlun fyrir árin 2022-2026 eru vaxtagreiðslurnar áætlaðar 75 milljarðar. Vaxtagreiðslur samstæðunnar á þessum 13 árum verða því 170 milljarðar eða sem nemur þremur nýjum Landspítölum.

46. Lögð fram fundargerð fjölmeningarráðs frá 14. mars 2022. MSS22010022
47. Lögð fram fundargerð innkaupa- og framkvæmdaráðs frá 17. mars 2022. MSS22010006
48. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals frá 21. mars 2022. MSS22010069
49. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis frá 24. mars 2022. MSS22010030
50. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Laugardals frá 14. mars 2022. MSS2010032

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þessi fundargerð íbúaráðs Laugardals er óvenju rýr. Það kemur í raun ekkert fram hvað var rætt þarna, voru teknar einhverjar ákvarðanir, einhverjar niðurstöður og hvar eru öll þau málefni sem brenna á íbúum? Framtíðarskipulag skólamála og fleira. Í fundargerðinni er ekki ein einasta bókun og virðist sem þarna hafi lítið verið um skoðanaskipti. Þessi fundargerð er með öllu gagnslaus að mati fulltrúa Flokks fólksins og spyr maður sig yfir höfuð um gagnsemi íbúaráða og tengsl þeirra við íbúa og þeirra skoðanir um hverfið sitt þegar maður sér svona plagg.

51. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Miðborgar og Hlíða frá 22. mars 2022. MSS22010033
52. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Vesturbæjar frá 16. mars 2022. MSS22010034
53. Lögð fram fundargerð ofbeldisvarnarnefndar frá 21. mars 2022. MSS22010023

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti borgarráðs tekur undir með ofbeldisvarnarnefnd að það er gleðilegt að verkefnið öruggir skemmtistaðir sé að fara af stað á ný og að ný samstarfsyfirlýsing sé í vinnslu.

54. Lögð fram fundargerð skipulags- og samgönguráðs frá 23. mars 2022 MSS22010010 B-hluti fundargerðarinnar er samþykktur.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 1. lið fundargerðarinnar:

Athugasemdir vegna tillögu að deiliskipulagi Arnarnesvegjar eru ekki birtar í fundargerð. Harðorð mótmæli hafa borist frá stórum hópi sem ekki er hlustað á. Fyrirhugaðri framkvæmd um 3. áfanga Arnarnesvegjar hefur verið mótmælt vegna þess að hann mun eyðileggja eitt dýrmætasta svæði höfuðborgarsvæðisins. Framkvæmdin byggir á umhverfismati frá 2003 og hefur verið mótmælt kröftuglega á öllum skipulagsstigum af íbúum nágrennisins síðastliðin 40 ár. Nýleg niðurstaða Skipulagsstofnunar um að ekki væri tæknilega þörf á nýju umhverfismat, því að talið er að byrjað hafi verið á framkvæmdinni 2004, er engan veginn í samræmi við umhverfissjónarmið og almennt siðferði. Á síðustu 18 árum hefur höfuðborgarsvæðið breyst mikið og áherslur í umferðarmenningu hafa breyst verulega. Því er ljóst að umferðarlíkanið sem stuðst var við í upphaflega umhverfismatinu er úrelt og þarfnast ítarlegrar endurskoðunar. Það er vert að hafa í huga að verkfræðistofurnar sem vinna þessar skýrslur fyrir Vegagerðina koma

ávallt með niðurstöður sem samræmast væntingum Vegagerðarinnar, enda ólíklegt að þessar verkfræðistofur fari að bíta höndina sem fæðir þær. Það er alveg ljóst að Vegagerðin og þessar verkfræðistofur virðast aldrei setja umhverfi og lífríki í fyrsta sætið. Svo snertir þessi vegur einnig Elliðaárdalinn og gengið er þar einnig á útivistarsvæði og öllu þessu er vísað til verkefnisstjóra.

55. Lögð fram fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 18. mars 2022. MSS22010014

56. Lögð fram fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 11. febrúar 2022. MSS22010015

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 1. og 3. lið fundargerðarinnar:

Þetta er gagnslaus fundargerð. Eina sem sagt er að gerður hafi verið leigusamningur. Rætt var um stórmál, urðun, GAJU og metansölu, en engar upplýsingar veittar. Þetta er dæmi um slaka stjórnarhætti byggðarsamlags. Eingöngu innvígðir og innmúraðir mega vita hvað er í gangi og um hvað er rætt. Það er ekki boðlegt að bjóða minnihlutafulltrúum og borgarbúum upp á svona vinnubrögð.

57. Lagðar fram fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 25. febrúar og 1. mars 2022. MSS22010019

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 3. lið fundargerðar stjórnar Strætó bs. frá 25. febrúar:

Vagnaútboð, útboðsgögn vegna fyrirhugaðs vagnakaupaútboðs á rafknúnum strætisvögnum. Fulltrúa Flokks fólksins finnst að leggja eigi áherslu á metanvagna í ljósi þess að metan er frableitt hjá Sorpu í stórum stíl en brennt þar sem aðeins lítill hluti þess er notaður. Fátt væri því eðlilegra en að allir vagnar Strætó væru metanvagnar. Stjórn og yfirstjórn Strætó virðast sjá rafmagnsvagna sem besta kost og ekki hafa verið sett fram nægjanlega skýr rök fyrir af hverju þeir eru teknir fram yfir metanvagna.

58. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 16 mál.

59. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

60. Lagt fram trúnaðarmerkt yfirlit yfir styrkumsóknir til borgarráðs vegna ársins 2022, ásamt fylgigögnum. Frestað.

Heiða Björg Hilmisdóttir, Marta Guðjónsdóttir og Jórunn Pála Jónasdóttir víkja af fundinum undir þessum lið.

- Kl. 12:44 víkur borgarstjóri af fundi.
- Kl. 12:48 víkja Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir af fundi.

61. Lagt fram minnisblað innri endurskoðunar og ráðgjafar, dags. 7. mars 2022, um áhættustýringu og greiningu misferlisáhættu hjá Reykjavíkurborg, ásamt fylgiskjölum. MSS22030074

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Áhættustýring og greining misferlisáhættu hjá Reykjavíkurborg. Nokkrar aðgerðir eru á „rauðu“ sem þýðir að verulegar styrkingar er þörf til að minnka misferlisáhættu. Á rauðu eru t.d. duldar eftirlitsaðgerðir sem starfsmönnum og viðskiptavinum er ekki kunnugt um, svo sem gagnagreiningar sem ætlað er að bera kennsl á óvenjulegar aðgerðir. Þetta vekur upp spurningar. Reykjavíkurborg er ekki lögregla sem ætti að fá leyfi til að „njósna“ um starfsfólk. Er ekki komið á hættubraut ef borgarráð/fagráð samþykkir lista af einstaklingum sem hafa leyfi til að afla upplýsinga og skilgreinir eigið upplýsingaaðgengi með tilliti til þeirra varna gegn misferli sem ætlað er að leynd hvíli yfir? Nú eru rafrænar undirskriftir ekki enn komnar í gagnið hjá borginni eins og verið hefur við lýði hjá flestum fyrirtækjum og stofnunum. Hefur það ekkert gildi þegar kemur að áhættustýringu og misferlisgreiningu? Margt er varðar starfslokasamninga eru á „rauðu“. Fram kemur að hafa þarf samtöl en ekki er víst að þau skili endilega miklu, viðkomandi vill kannski ekki mikið segja, verandi að hætta í starfinu. Erfitt að lesa úr skoðanakönnun borgarfulltrúa. Hverjar eru þar helstu niðurstöður? Talað er um siðareglur í skýrslunni. Settar voru siðareglur borgarfulltrúa sem brotnar voru viku seinna í beinni útsendingu borgarstjórnar. Svo mikið fyrir siðareglur!

Hallur Símonarson og Ingunn Ólafsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

62. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um fjölda tilkynninga um tjón per ár vegna skemmda í malbiki á árunum 2020-2022. Þá er óskað upplýsinga um kostnað Reykjavíkurborgar vegna þeirra tjóna sem hafa verið bætt. MSS22030278

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

63. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

- 1) Óskað er eftir upplýsingum um kostnað borgarinnar vegna auglýsinga í dagblöðum, tímaritum og netmiðlum á tímabilinu frá og með 1. september 2021 til og með 14. maí 2022.
- 2) Óskað er eftir upplýsingum um kostnað borgarinnar vegna prentaðra bæklinga, ásamt eftir atvikum sendingarkostnaði, á tímabilinu frá og með 1. september 2021 til og með 14. maí 2022.
- 3) Óskað er eftir upplýsingum um kostnað borgarinnar vegna gerðar kynningarmyndbanda á tímabilinu frá og með 1. september 2021 til og með 14. maí 2022.
- 4) Óskað er eftir upplýsingum um kostnað borgarinnar vegna opinna íbúafunda á tímabilinu frá og með 1. september 2021 til og með 14. maí 2022.
- 5) Hvernig mun borgin standa að kynningarmálum vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022 og hver er áætlaður kostnaður vegna þeirra? Stendur til að hafa áframhald á aðgerðum frá árinu 2018 sem miðuðu að því að örva kosningaþátttöku ákveðinna hópa og reyndust brjóta gegn ákvæðum þággildandi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga? MSS22030279

64. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Tillaga um að hætt verði að framkvæma hin svokölluðu píp-próf í íþróttakennslu. Dæmi eru um að börn hafi ofreynt sig í ákafa um að reyna að standa sig vel á svokölluðum píp-prófum í íþróttakennslu í grunnskólum. Mörg börn upplifa vanlíðan og kvíða fyrir umræddum prófum og á meðan á þeim stendur. Þá upplifa mörg börn það sem niðurlægingu þegar þau detta út úr píp-prófunum í viðurvist skólafélaga sinna. Um þetta hefur umboðsmaður barna tjáð sig, m.a. í bréfi til

mennta- og barnamálaráðherra. Píp-próf eru þol- og hlaupapróf sem framkvæmd eru þannig að nemendur hlaupa fram og til baka í íþróttasal skólans þar sem tíminn milli lota er stöðugt styttrur. Þeir sem ekki ná að hlaupa salinn á enda á tilskildum tíma verða að setjast niður og fylgjast með þar til aðeins einn stendur eftir. Það skal nefnt að próf þessi eru ekki notuð í öllum skólum. Þessi próf valda mörgum börnum kvíða og eru letjandi í stað hvetjandi. Börn eiga að fá tækifæri til að stunda hreyfingu á eigin forsendum. Í þessu máli verður Reykjavíkurborg og skóla- og frístundasvið að beita sér enda skal ávallt hafa hagsmuni barna að leiðarljósi í hvívetna. MSS22030283

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

65. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Tillaga um að lesfímipróf eða hraðlestrarpróf verði val og aðeins lagt fyrir barn í samráði við foreldra og sátt við nemandann. Fulltrúi Flokks fólksins telur að of mikil áhersla m.a. frá Menntamálastofnun (MMS) sé á leshraða (lesfími) og mælingar á honum. Þess utan valda hraðlestrarpróf barni oft mikilli angist og kvíða. Hraðlestrarsamanburður getur almennt séð verið vafasamur, ekki einungis fyrir börn sem standa höllum fæti heldur einnig þau sem ná viðmiðum. Börn sem standa höllum fæti fá sífellt þau skilaboð að frammistaðan sé ekki nægilega góð jafnvel þótt hún batni. Að sama skapi getur verið að börn sem standa vel að vígi upplifi að þar sem þau séu búin að ná markmiðum þurfi þau ekki að bæta sig frekar. Færa má rök fyrir að leshraði sé stundum á kostnað lesskilnings. Á meðan hvatt er til að skólar mæli leshraða er e.t.v. ekki eins mikil áhersla á samræmdar mælingar á orðaforða, stafsetningu og lestur á sjónrænum orðaforða. Það er einfaldlega ekki hægt að gera ráð fyrir að lesskilningur „bara komi“ hjá börnum þegar þau ná auknum hraða eins og stundum er haldið fram. MSS22030284

Greinargerð fylgir tillögunni.

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

66. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fyrirspurnir um vinnustaðagreiningu Strætó 2022, niðurstöður. Fulltrúi Flokks fólksins hefur skoðað þessar niðurstöður. Tekið er eftir því að það er sama staða í eineltismálum og áreitni hjá Strætó auk þess sem kvartað er yfir mikilli streitu. Niðurstöður sýna að um og yfir 40% sammála eða frekar sammála um að finna fyrir streitu í vinnunni og sjá má að seinustu 4 ár kvarta sífellt fleiri yfir einelti þrátt fyrir aðkomu sálfræðinga sem kostaði fyrirtækið stórar fjárhæðir. Og 3% segjast hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni síðustu 12 mánuði. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um af hverju staðan er svona slæm þrátt fyrir góðan vilja yfirstjórnar og stjórnar um að bæta þessa hluti eftir því sem haldið hefur verið fram. Hvað er verið að gera nákvæmlega til að draga úr álagi starfsfólks og sporna gegn einelti og áreitni? Ekki er hægt að líta framhjá niðurstöðum rannsókna sem sýnt hafa ítrekað að rekja megi óánægju og vanlíðan í starfi til yfirstjórnar og álagsþátta í starfi. Ábyrgð stjórnenda er mikil. Staðreyndin er sú að stjórnendur hafa það hvað mest á hendi sér hvort einelti fær þrífist á vinnustað. MSS22030285

Vísað til umsagnar stjórnar Strætó bs.

67. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fyrirspurn um kvartanir vegna Klappsins. Fulltrúi Flokks fólksins hefur rýnt í niðurstöður vinnustaðagreiningar Strætó 2022 en þar kemur fram að ástæða fyrir streitu er m.a. óánægðir viðskiptavinir. Í framhaldi óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir

upplýsingum um hvað margar kvartanir hafa borist vegna hins nýja greiðslukerfis, Klappsins. MSS22030286

Vísað til umsagnar stjórnar Strætó bs.

68. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fyrirspurn vegna erindis starfsmanna vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar þar sem lýst er ófullnægjandi stöðu öryggismála, ófullnægjandi aðbúnaði, óboðlegu og hættulegu vaktafyrirkomulagi og launamismunun hjá starfsmönnum í vetrarþjónustu sem vinna sömu störf. Í erindinu er einnig lýst skoðanakúgun, forsjárhyggju, einelti og þöggun. Sagt var í bréfinu að gögn liggi fyrir varðandi þessi mál. Fulltrúi Flokks fólksins hefur lagt fram fyrirspurnir um þetta grafalvarlega mál og hverjir séu ábyrgir fyrir alvarlegu ástandi sem þarna ríkir. Það hefur verið upplýst af borgaryfirvöldum að málið sé nú komið inn á borð mannauðsdeildar. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort mannauðsdeild hafi sett sig í samband við starfsfólk vetrarþjónustu með það að markmiði að styðja við og hjálpa. Einnig væri gott að fá upplýsingar um hvort úrbætur hafi verið gerðar í tengslum við öryggismál, og þá hverjar. Hverjir hafa fyrir hönd borgarinnar verið í sambandi við starfsmenn vetrarþjónustu vegna þessara mála? MSS22030287

69. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fyrirspurn Flokks fólksins um kostnað Reykjavíkur við borgarlínuverkefni. Reykjavík hefur nú þegar greitt 1 milljarð og 737 milljónir – sem sagt rúmlega 1,7 milljarð í borgarlínuverkefnið. Spurt er hver heildarkostnaður Reykjavíkurborgar verður í borgarlínuverkefnið þegar yfir lýkur og verkefnið verður komið í fulla virkni. MSS22030288

Fundi slitið kl. 13:12

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir
Líf Magneudóttir
Jórunn Pála Jónasdóttir

Dóra Björt Guðjónsdóttir
Marta Guðjónsdóttir
Valgerður Sigurðardóttir